



Ársskýrsla 2005

Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks var stofnaður á grundvelli kjarasamnings á milli Samtaka atvinnulífsins annars vegar og VR og Landssambands íslenskra verzlunarmanna hins vegar dags. 14. maí 2000.

Markmið sjóðsins er að auka hæfni og menntun verslunar- og skrifstofufólks, ásamt því að stuðla að auknu framboði af námi og námsefni sem svari þörfum atvinnulífsins á hverjum tíma.

Verkefni sjóðsins eru eftirfarandi:

- a) Að veita fjárhagsaðstoð við menntun starfsmanna
- b) Kostun námskeiðahalds
- c) Kostun námsefnisgerðar
- d) Styrkur til fyrirtækja til starfs- og endurmenntunar starfsmanna

Tekjur sjóðsins myndast á eftirfarandi hátt:

- Atvinnurekendur skulu almennt greiða sem svarar 0,15% af heildarlaunum starfsmanna VR/LÍV í sjóðinn.
- Fyrirtæki geta sótt um undanþágu frá fullu gjaldi að uppfylltum nánari skilyrðum. Gjald til sjóðsins lækkar þá í 0,05% af heildarlaunum starfsmanna VR/LÍV.
- Stéttarfélögin skulu greiða mótframlag sem svarar einum þriðja af greiddu framlagi atvinnurekenda til verkefnisins og skal uppgjör fara fram a.m.k. tvisvar sinnum á ári.
- Tekjur af rekstri námskeiða á vegum sjóðsins.

Í starfsreglum stjórnarinnar er fjallað um greiðslu styrkja til félagsmanna VR og LÍV, til fyrirtækja og stéttarféлага og nánari reglur um lækkun á iðgjaldi til sjóðsins.

Stjórn er heimilt að veita styrki til einstaklinga, fyrirtækja, félagasamtaka og skóla s.s. vegna útgáfu námsefnis, kennslu, eða annars sem að mati stjórnar leiðir til aukinnar menntunar innan stéttarinnar.

Nokkur skilyrði eru sett fyrir lækkun á sjóðsgjaldinu fyrir fyrirtæki. Fyrirtækið skal sýna fram á að virk endurmenntunarstefna sé í fyrirtækinu. Starfsmenn skulu eiga kost á að sækja þau námskeið sem í boði eru. Fyrirtækið skal bjóða starfsmönnum sínum bæði fagnámskeið og almenn námskeið. Fyrirtækið skal sýna fram á að kostnaður vegna menntastefnu sé meiri en sem nemur 0,15% af heildarlaunum starfsmanna. Stjórn sjóðsins metur hvort ofangreindum skilyrðum sé fullnægt og er það mat endanlegt. Staðfesti stjórn undanþágu frá 0,15% í 0,05% gjald gildir undanþágan til eins árs fyrsta árið og eftir það til tveggja ára í senn.

Stjórn sjóðsins

Stjórn sjóðsins er skipuð sex mönnum til eins árs í senn. Fyrir hönd Samtaka atvinnulífsins sátu í stjórninni Sigurður Jónsson, formaður (Samtök verslunar og þjónustu), Anna Rós Ívarsdóttir (Vátryggingafélag Íslands) en hún fór í barneignarleyfi og tók Hannes G. Sigurðsson, SA, sæti hennar í stjórn frá 11. október 2005. Gunnar Ingi Sigurðsson (Hagkaup) sat í stjórn sjóðsins til 6. september en þá tók Anna Margrét Jónsdóttir (Hagkaup) sæti hans í stjórninni. Gunnar Ingi var í barneignarfríi vorið 2005 en Hannes G. Sigurðsson sat fundi í hans stað á meðan. Varamenn voru Hannes G. Sigurðsson (Samtök atvinnulífsins) og Ingi Bogi Bogason (Samtök iðnaðarins). Fyrir hönd VR sátu í stjórn sjóðsins Ingibjörg R. Guðmundsdóttir, varaformaður og Alda Sigurðardóttir, ritari, til 8. mars 2005 en þá tók Stefanía Magnúsdóttir, varaformaður VR, hennar sæti í stjórn. Varamenn: Hafsteinn J. Hannesson (VR) og Rannveig Sigurðardóttir (VR). Fyrir hönd LÍV sat Guðrún Erlingsdóttir (Verslunarmannafélagi Vestmannaeyja).

Aðilar sjóðsins skiptast á að gegna formennsku til tveggja ára í senn og voru fyrstu tvö árin þ.e. frá 2000-2002 á vegum VR og árin 2003-2004 í höndum fulltrúa SA. 8. nóvember 2005 urðu formannsskipti í stjórninni en þá tók Stefanía Magnúsdóttir, VR, við formennsku og Sigurður Jónsson, SVP, við varaformennsku.

Starfsmaður sjóðsins frá 8. mars 2005 er Ástríður S. Valbjörnsdóttir.

Löggiltur endurskoðandi sjóðsins er Gísli Guðmundsson frá Deloitte.

Störf stjórnar á tímabilinu

Níu stjórnarfundir voru haldnir á árinu.

Gengið var frá breytingum á starfsreglum og ný vefsíða hönnuð. Á vefsíðunni er í fyrsta sinn á Íslandi gert ráð fyrir að fólk með lesraskanir geti nýtt sér síðuna.

Samningur um réttindaflutning milli SVS og Sjómenntar var staðfestur en áður hafði verið gerður samningur milli Starfsafls og Landsmenntar annars vegar og SVS hins vegar um flutning réttinda.

Fagráð var stofnað en það er nefnd skipuð fulltrúum samningsaðilum þ.e. VR, LÍV og SA. Fagráðið hafi m.a. það hlutverk að hafa eftirlit með starfstengdu námi fyrir verslunar og þjónustugreinar, vakta nýjar menntaþarfir og annast tengingu við ráðuneytið. Fagráðið myndi sækja styrki til sjóðsins fyrir afmörkuð verkefni og fyrsta verkefnið yrði að leita eftir samningum við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins um að sinna þeim verkefnum fyrir sjóðinn, sem rædd hafa verið á undanförunum mánuðum. Verkið gæti staðið í allt að 2 ár til að byrja með.

Í fagráðinu sitja fyrir LÍV/VR Ingibjörg R. Guðmundsdóttir og Stefanía Magnúsdóttir og til vara Hafsteinn Hannesson og Guðrún Erlingsdóttir. Fyrir SA sitja Sigurður Jónsson og Anna Rós Ívarsdóttir og til vara Emil B. Karlsson og Anna Margrét Jónsdóttir.

Samningur við FA lagður fram og samþykktur. Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks mun leggja fram fé og afhenda Fagráðinu verkefni. FVP mun stýra verkefninu og bera ábyrgð á faglegum ákvörðunum, en ætlunin er að ná til allrar fagmenntunar á sviðinu. FA mun annast framkvæmd.

Rætt var um að fara í kynningarátak í fyrirtæki m.a. til að kynna starfsmenntastjórum og starfsfólki sjóðinn og að bjóða upp á námsráðgjöf fyrir starfsmenn, en það er verkefni sem er ekki inn í samninginum.

Hugmyndir ræddar um að reyna að móta heildarmynd fyrir verslunarfólk og leita eftir framlagi frá Menntamálaráðuneytinu vegna verkefnisins.

Björn Garðarsson er nýráðinn starfsmaður Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins en hann mun að mestu starfa í verkefninu fyrir Fagráðs verslunar- og þjónustugreina.

Styrkir til félagsmanna

Samtals voru veittir um 5.237 styrkir til einstaklinga. Heildarupphæð greiddra styrkja nam kr. 113.052.528 en iðgjöld atvinnurekenda og stéttarféлага kr. 119.058.842.

Styrkir til fyrirtækja, félagasamtaka og stofnana

Heildar upphæð greiddra styrkja nam kr. 11.405.270 og voru þeir m.a.:

Fosshótel – Námskeið fyrir herbergisþernur - kr. 17.900

Greifinn á Akureyri – Tölvunámskeið - kr. 12.400

Flugleiðahótel – Dale Carnegie námskeið – kr. 1.800.000

Mímir símenntun – Grunnmenntaskólinn kr. 165.000 á mann fyrir 3 félagsmenn

Mímir símenntun – Fiskur og ferðaðjónusta - kr. 200.000 fyrir 2 félagsmenn hjá Vmf. Húsavíkur

Mímir símenntun – Lesblindunámskeið – kr. 181.500 á mann fyrir 6 félagsmenn

SVP og Rannsóknarsetur verslunarinnar – Háskólanám í verslunarrekstri á Bifröst - kr. 2.700.000

Sorpa – Bætt samskipti - kr. 97.807

Lónið Þórshöfn – Framkoma og umburðarlyndi – kr. 91.480

Eimskip – Flutningaskóli Eimskips – kr. 300.000

Fagráð verslunar- og þjónustugreina – Námsráðgjöf á vinnustað – kr. 2.179.800

Mímir símenntun – Aftur í nám – 181.500 á mann fyrir 5 félagsmenn

Lækkun iðgjalds til sjóðsins úr 0,15% í 0,05%

Fyrirtæki sem sóttu um endurnýjun

Kaupping, Hugur, Hagar ásamt 9 dótturfélögum, Eimskip, Húsasmiðjan, Kreditkort, Sjóvá-Almennar tryggingar, OgVodafone og Hýsing.

Ný fyrirtæki

Samskip.